Afmælismót BR:

Úrvalslið BR tapaði fyrir Evrópuúrvali

ÚRVALSLIÐ Bridsfélags Reykjavíkur tapaði með talsverðum mun fyrir úrvalsliði Evrópu í sérstakri sýningarbridskeppni á föstudag. Keppnin var hluti af 50 ára afmælismóti Bridsfélags Reykjavíkur sem lýkur í dag, sunnudag.

Í sýningarkeppninni spiluðu landslið Breta, Pólverja og Svía við íslensku heimsmeistarasveitina, íslenska landsliðið sem keppir á Norðurlandamóti í sumar og sveit Tryggingamiðstöðvarinnar. Úrslit leikjanna urðu að heimsmeistararnir unnu Pólverja, 17–13, gerðu jafntefli við Svía, 15–15, en töpuðu fyrir Bretum, 22–8. Tryggingamiðstöðin vann Breta, 17–13, en tapaði 12–18 fyrir Svíum og Pólverjum, og landsliðið tapaði 8–22 fyrir Bretum, 6–24 fyrir Pólverjum og 4–25 fyrir Svíum. Samtals fékk Evrópuúrvalið 170 stig gegn 99 stigum Íslendinga.

Í dag lýkur opinni tvímenningskeppni sem haldin er í Perlunni á Öskjuhlíð en verðlaunaafhending og mótsslit verða í Ráðhúsi Reykjavíkur í kvöld.

Eldur í gaskúti á grilli


SLÖKKVILIÐ Reykjavíkur var kallað út um kvöldmatarleytið á föstudag er tilkynnt var um eld í gaskúti útigrills á svölum íbúðar í Kópavogi. Hætta var talin stafa af eldinum.

Húsráðandi kastaði logandi gaskútnum niður af svölunum og hóf að dæla á hann vatni. Slökkviliðið tók síðan við slökkvistörfum og tókst að loka fyrir kútinn með rörtöng og slökkva eldinn.

Vestmannaeyjar:

2 teknir fyrir hraðakstur

Í Vestmannaeyjum voru tveir ökumenn teknir fyrir of hraðan akstur á uppstigningardag. Bílstjóri mældist aka á 104 kílómetra hraða suður Skólaveg og ökumaður vélhjóls var stöðvaður er hann ók á 110 kílómetra hraða austur Kirkjuveg. Lögregla svipti báða ökuréttindum til bráðabirgða á staðnum.



Á myndinni sést sýnishorn af bekk, sem gert var vegna hljómburðarprófana.

Hallgrímskirkja:

GKS býður lægst í smíði kirkjubekkja

TILBOÐ í smíði kirkjubekkja fyrir Hallgrímskirkju í Reykjavík voru opnuð í vikunni. Alls buðu 11 fyrirtæki í verkið en lægsta boð kom frá GKS, Gamla kompaníinu — Kristjáni Siggeirssyni, en það var að upphæð 7.500.656 kr. Næst lægsta tilboðið var að upphæð 12.638.478 kr. en kostnaðaráætlun var upp á 12.400.000 kr.

Fyrirhugað er að smíðuð verði 500 bólstruð eikarsæti í 46 bekkjum. Bekkirnir verða með veltibaki þannig að snúa megi þeim við og snúa kirkjugestir þá að aðalorgeli kirkjunnar, sem verður staðsett á palli ofan við anddyri hennar.

Samkvæmt fréttatilkynningu frá Hallgrímskirkju verður gengið til samninga við lægstbjóðanda á næstu dögum og miðað er við að uppsetningu bekkjanna verði lokið fyrir 15. september næstkomandi, en þá er stefnt að því að stilling hins nýja orgels kirkjunnar hefjist.

Listahátíð í Reykjavík:

Sýning á verkum Joan Míro á Kjarvalsstöðum

SÝNING á verkum spánska myndlistarmannsins Joan Míro verður opnuð á Kjarvalsstöðum klukkan 16 í dag. Sýningin er hluti framlags Listasafna Reykjavíkur til Listahátíðar 1992 og hún verður opin til 5. júlí.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum verða sýnd málverk, höggmyndir og teikningar frá síðari hluta starfsferils Mírós og eru öll verkin gerð eftir 1960. Þau koma frá Listasafni Maeght í Suður-Frakklandi.

Í fréttatilkynningu frá Kjarvalsstöðum segir meðal annars, að ferill Mírós skiptist í mörg tímabil og hann hafi notað ýmsa miðla, en list hans hafi alltaf verið djörf, hugmyndarík, leikandi létt og aðgengileg. Hann hafi einnig, eins og önnur stórmenni myndlistarsögunnar, alltaf verið tilbúinn til að tileinka sér eitthvað nýtt, læra og uppgötva.

Dagskrá Listahátíðar sunnudag og mánudag

Kjarvalsstaðir: Opnun á sýningu á málverkum, höggmyndum og teikningum eftir **Joan Miro** í Vestursal. Sýningin stendur til 12. júní. Sýning á verkum **Jóhannesar Kjarvals** í Kjarvalssal, úr einkasafni Eyrúnar Guðmundsdóttur og Jóns Þorsteinssonar.

Listasafn Íslands: Franski listamaðurinn **Daniel Buren** vinnur útilistaverk við Gallerí 11 og Listasafn Íslands. Verkið nefnist **Staðsetning, framsetning, tilfærsla - staðbundið verk.**

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar: Opnun á sýningu á æskuteikningum **Sigurjóns Ólafssonar.** Fjölskyldudagar í Sigurjónssafni, brúðuleikhús, tónleikar barna úr Suzuki-skólanum, fræðsla um búsetu í Laugarnesi að fornu og nýju.

Nýlistasafnið: Sýning á verkum frönsku listamannanna **Michel Verjux** og **Francois Perrodin.**

Dagskrá á mánudag

Kringlan: Opnun á sýningunni Íslensk nútímahöggmyndalist.

Norræn rannsókn á magni þungmálma í úrkomu:

Mikið af þungmálmum á vissum svæðum hérlendis

RANNSÓKN á magni þungmálma í mosa hér á landi hefur leitt í ljós að mikið magn ákveðinna tegunda er að finna á gosbeltinu frá Reykjanesi austur á Melrakkasléttu, en hins vegar dregur mjög úr magni þessara málma í mosa austan og vestan gosbeltisins. Þessar niðurstöður koma fram í nýútkominni skýrslu um samnorræna rannsókn á magni þungmálma í úrkomu í N-Evrópu. Að sögn Sigurðar H. Magnússonar, gróðurvistfræðings hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, sem vann að rannsókninni hér á landi, er ekki talið að magn þungmálma á gosbeltinu stafi af mengun, heldur sé um að ræða áfoksryk sem lent hafi í mosanum. Hann segir að á Vestfjörðum, þar sem áfok sé lítið, hafi yfirleitt mælst mjög lítið af þessum málmum.

Mæling á magni þungmálma í úrkomu í N-Evrópu er að sögn Sigurðar samnorrænt verkefni sem norræna ráðherranefndin hefur staðið fyrir. Um að ræða svokallaða umhverfisvöktun og hefur samskonar verkefni verið í gangi á hinum Norðurlöndunum um alllangt skeið, en Íslendingar tóku þátt í þessu verkefni í fyrsta sinn árið 1990, og sá Rannsóknastofnun landbúnaðarins um mælingarnar fyrir Íslands hönd. Fylgst er með magni þungra málma í úrkomunni með því að safna mosategundinni skógartildri víðs vegar um land og mæla magn þungmálma í mosanum, en hann tekur upp næringu beint úr úrkomunni en ekki í gegnum rætur. Að sögn Sigurðar voru átta þungmálmar mældir 1990, og var stöðluðum aðferðum beitt þannig að hægt er að bera niðurstöðurnar saman milli svæða.

„Niðurstöðurnar komu kannski svolítið á óvart, en það kemur í ljós að það er mjög mikið af þungmálmum sem mælast í mosa hér á landi á vissum svæðum, en aftur lítið annars staðar. Þessi svæði eru nánast eingöngu gosbeltið sem liggur frá Reykjanesi austur á Melrakkasléttu, en austan og vestan við þetta belti dregur mjög úr magni þessara málma í mosanum. Svo er annað mál hvort þetta er eitthvert dæmi um mengun eða ekki, en við höldum að ekki sé um það að ræða þótt mikið mælist. Við teljum að þetta sé áfoksryk sem lent hefur í mosanum og því sé ekki um raunverulega mengun að ræða. Á Vestfjörðum þar sem áfok er lítið er yfirleitt mjög lítið af þessum þungu málmum, og má segja að það svæði sé einna best til þess fallið að fylgjast með þessu í lengri tíma," sagði Sigurður.

Hann sagði að reyndar væri ekki útbreiðslu allra þeirra þungmálma sem rannsakaðir voru þannig farið að mest væri um þá á gosbeltinu, og þannig hefði útbreiðsla blýs í mosanum verið mest á svæðinu sunnan undir Vatnajökli og síðan við Reykjavík og á Reykjanesi.

„Það er þó raunverulega lítið af blýi, en aðeins er þó um hækkun að ræða á þessum svæðum. Við teljum að undir Vatnajökli sé þetta aðkomin mengun þótt lítil sé, en þarna er mest úrkoma á landinu. Þá teljum við að á svæðinu við Reykjavík sé þetta áhrif bílaumferðar að mestu leyti, en þar mældist þetta þó mjög lágt. Sýnum var ekki safnað í borginni sjálfri, þannig að ekki er hægt að segja til um magnið þar," sagði hann.

Vestmannaeyjar:

Bæjarsvölur í hópum

Vestmannaeyjum.

MIKIÐ hefur sést af bæjarsvölu í Vestmannaeyjum síðustu tvær vikurnar. Hafa þær flögrað í hópum um bæinn en mest hafa þær haldið sig við bryggjuna og í kringum frystihúsin.

Einn daginn sást hópur bæjarsvala sem lá í kös við Kaupfélagið í Bárugötu. Kristján Egilsson, safnvörður á Náttúrugripasafninu, segir að svölurnar hafi eflaust haldið sig þarna í kös til að reyna að halda á sér hita. Þær hafi fundið varma frá húsinu og síðan fengið varma hver frá annarri. Hann segir að bæjarsvalan sé flækingsfugl hér á landi og komi hingað á hverju vori en þær séu farfuglar á Bretlandi og víða í Evrópu. Árlega hafi sést tveir til fjórir fuglar í Eyjum í nokkra daga en aldrei hafi sést jafn mikið af bæjarsvölu hér og aldrei í jafn langan tíma og nú. Kristján segir þær hafa verið í hópum á flögri um bæinn. „Þetta eru skordýraætur og þar sem kalt er í veðri er örugglaga ekki mikið æti að finna nú. Þær hafa mikið haldið sig í námunda við frystihúsin því líklega er helst að finna einhverjar flugur á hafnarsvæðinu," sagði Kristján.

Grímur



Morgunblaðið/Sigurgeir Jónasson

Bæjarsvöluhópurinn utan við Kaupfélagið í Eyjum.

Borgarráð:

Ákveðið að endurhlaða Ingólfsbrunn

BORGARRÁÐ hefur samþykkt að við framkvæmdir í Aðalstræti í sumar verði yfirborð Ingólfsbrunns endurhlaðið og gengið frá honum í samræmi við hugmyndir borgarminjavarðar.

Margrét Hallgrímsdóttir borgarminjavörður telur að um mikilsverðar minjar Innréttinganna sé að ræða og mikilvægt að varðveita þær og sýna. Samkvæmt heimildum og útliti brunnsins er hann líklega hlaðinn um miðja 18. öld. Í ljósi hugmynda um Innréttingasafn við Aðalstræti er lagt til að gengið verði frá umhverfi hans með hellulögn á gangstétt og götu og að settur verði vatnspóstur á brunninn.